

Sjúkraflug á Vestmannaeyjasvæði

Skýrsla starfshóps um stöðu sjúkraflugs Í Vestmannaeyjum.

14. september 2006.

Úttekt á stöðu sjúkraflugs í Vestmannaeyjum

Skýrsla starfshóps

Inngangur.

6. júlí sl. var settur á stofn starfshópur á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til að gera úttekt á stöðu sjúkraflugs í Vestmannaeyjum. Verkefni starfshópsins eru eftirfarandi.

- Að afla upplýsinga um fjölda sjúkrafluga tímabilið janúar til júní 2006.
- Að kanna hvort Landsflug hafi staðist kröfur um viðbragðstíma sjúkraflugvélar eftir tegund útkalla.
- Fá upplýsingar um flugvélategund sem notuð er til sjúkraflugsins.
- Að kanna hvernig ákvörðunum er háttáð varðandi fylgdarmenn í sjúkraflug.
- Að afla upplýsinga um í hve marga daga sjúkraflugvél var ekki tiltæk í Vestmannaeyjum á tímabilinu janúar til júní 2006 og ástæður þess.
- Einnig beri starfshópurinn viðbragðstíma og staðsetningar sjúkraflugvéla saman við aðra flugrekendur sjúkraflugs.

1. janúar 2006 tók gildi nýr samningur við Landsflug um sjúkraflug á Vestmannaeyjasvæði. Samningurinn var gerður á grundvelli útboðs Ríkiskaupa á kaupum á sjúkraflugþjónustu á Íslandi. Samkvæmt samningnum skal sjúkraflugvél vera staðsett í Vestmannaeyjum allt árið um kring.

Kröfur verkkaupa.

Samkvæmt samningi um sjúkraflug er viðbragðstími skilgreindur sem tími frá því að staðfest beiðni um sjúkraflug berst þar til flugvél er tilbúin til flugtaks með allan nauðsynlegan búnað á þeim flugvelli sem sjúkraflugið er þjónustað frá. Hámarksviðbragðstími í hverju sjúkraflugi er skilgreindur eftir tegund útkalls.

Í samningnum eru kröfur um viðbragðstíma mismunandi eftir tegund útkalla:

Stig 1.

Útkall af stigi 1 kallar á tafarlausa viðbrögð og er hámarksviðbragðstími 45 mínútur. Verksali skal ávallt geta boðið upp á viðbragð af stigi 1 sem er skilgreindur sem grunnviðbragðstími. Þetta gildir allan sólarhringinn alla daga ársins enda sé flugleið fær.

Stig 2.

Í því tilviki að slaka má nokkuð á kröfu um viðbragð frá stigi 1 eða allt að 6 klst., er útkallið flokkað sem stig 2.

Stig 3.

Einungis er gripið til 3. stigs ef alls ekki er unnt að flytja sjúkling með áætlunarflugi. Viðbragðstími sem er meiri en 6 klst. nægir vegna slíkra útkalla og ræðst af samkomulagi milli þess sem ber ábyrgð á útkallinu og verksala.

Varaflugvél þegar útkall er í gangi.

Í því tilviki að flugvél er í sjúkraflugsverkefni og annað útkall af stigi 1 berst, skal verksali sjá til þess að viðbragðstími sé ekki meiri en 105 mínútur fyrir varaflugvél í það flug.

Önnur atriði er varða kröfur um viðbragðstíma og verklag í sjúkraflugi.

Í 3. gr. samningsins stendur að sjúkraflug skuli hafa tafarlausan forgang umfram mögulegt áætlunarflug og leiguflug flugrekanda.

Í útboðslýsingu sem er hluti samnings kemur eftirfarandi fram:

Áhersla er lögð á að útkall af stigi 1, kallar á tafarlaus viðbrögð með að hámarki 45 mínútna viðbragðstíma (35 mínútur fyrir sérútbúna sjúkraflugvél) og heitir verksali því að leita allra leiða til að lágmarka þennan tíma miðað við aðstæður hverju sinni. Sjúkraflug af stigi 1 ber ávallt að meðhöndla sem forgangsverkefni.

Eftirfarandi er einnig að finna í útboðslýsingunni:

Verksali skal fylgja sérstökum verklagsreglum sem hann semur í samvinnu við þá heilbrigðisstofnun sem er faglega ábyrg fyrir sjúkrafluginu.

Gert er ráð fyrir að sjúkraflutningamaður og eftir atvikum læknir eða hjúkrunarfræðingur fylgi sjúklingi í sjúkraflugi auk annarra mögulegra fylgdarmanna.

Fjöldi sjúkrafluga.

Starfshópurinn hefur aflað upplýsinga um fjölda sjúkrafluga á Vestmannaeyjasvæði. Á tímabilinu janúar til júní 2006 voru farin 40 sjúkraflug á Vestmannaeyjasvæði, þar af var eitt sjúkraflug farið með þyrllu Landhelgisgæslunnar. Til samanburðar voru farin alls 66 sjúkraflug allt árið 2005 og 59 sjúkraflug allt árið 2004.

Niðurstöður um viðbragðstíma og fjölda sjúkrafluga.

Eins og áður sagði voru farin 40 sjúkraflug á tímabilinu janúar til júní 2006 sem skiptast þannig eftir tegund útkalla.

Stig 1 19 sjúkraflug.

Stig 2 17 sjúkraflug.

Stig 3 4 sjúkraflug.

Árangur viðbragðstíma með útkallsstig 1:

Samkvæmt samningnum er viðbragðstími af stigi 1 að hámarki 45 mínútur. Skemmsti viðbragðstími með útkallsstig 1 var 10 mínútur og lengsti viðbragðstími var ein klukkustund og fjórtán mínútur.

Landsflug stóðst ekki kröfur um viðbragðstíma í þremur sjúkraflugum af stigi 1. Tvö sjúkraflug af þremur voru farin á vegum Landsflugs og þriðja sjúkraflugið með þyrllu Landhelgisgæslunnar. Í öðru sjúkraflugi Landsflugs var viðbragðstíminn 50 mínútur, fimm mínútur umfram hámarksviðbragðstíma. Hitt sjúkraflugið er hér skráð með viðbragðsstig eitt, en ljóst er að það kom ekki nægilega skýrt fram af hálfu þess sem pantaði flugið að um viðbragðsstig eitt var að ræða. Viðbragðstíminn varð ein klukkustund og fjórtán mínútur. Þriðja sjúkraflugið var farið 30. júní með þyrllu á vegum Landhelgisgæslunnar. Var það sjúkraflug af útkallsstigi 1 með 58 mínútna viðbragðstíma eins og hann er skilgreindur í samningi við Landsflug.

Árangur viðbragðstíma með útkallsstig 2:

17 sjúkraflug voru farin af stigi 2. Skemmsti útkallstími í sjúkraflug samkvæmt stigi 2 var 10 mínútur og lengsti útkallstíminn var ein klukkustund og fimmtán mínútur.

Árangur viðbragðstíma með útkallsstig 3:

Farið var í fjögur sjúkraflug af stigi 3 og var viðbragðstíminn eftirfarandi:

25 mínútur

30 mínútur

Ein klukkustund og sjö mínútur

Sjö klukkustundir.

Landsflug stóðst kröfur um viðbragðstíma í öllum tilvikum sjúkrafluga af stigi 2 og 3.

Hvaðan sjúklingur var fluttur.

Sjúklingar voru fluttir frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur samtals 36 sinnum en frá Reykjavík til Vestmannaeyja fjórum sinnum.

Tegundir loftfara sem notuð hafa verið til sjúkraflugsins.

Samkvæmt samningi við Landsflug, skuldbindur félagið sig til að nota flugvél af gerðinni Dornier DO228 og til vara Piper Chieftain PA31-350 til að sinna sjúkrafluginu. Flugvélin skal vera staðsett í Vestmannaeyjum allt árið um kring.

Tegundir loftfara sem notuð voru til verkefnisins eru eftirfarandi:

Piper Chieftain PA31-350 í 29 skipti

Dornier DO228 í 9 skipti

Cessna 406 var í eitt skipti fengin frá Flugfélaginu Ernir

Aerospatiale Super Puma AS332 (þyrta) í eitt skipti.

Byggingarleyfi fyrir flugskýli.

Þegar tilboði Landsflugs var tekið í sjúkraflug á Vestmannaeyjasvæði hóf félagið að undirbúa byggingu flugskýlis fyrir Dornier DO228 flugvél sína. Ráðuneytið ásamt Tryggingastofnun veittu Landsflugi heimild til að nota varasjúkraflugvél sína til sjúkraflugs, þar sem félagið hafði ekki nægjanlega stórt flugskýli til afnota í Vestmannaeyjum.

Starfshópurinn aflaði upplýsinga um hvernig liði umsókn um byggingarleyfi fyrir flugskýli í Vestmannaeyjum. Landsflug hefur formlega sótt um lóð til Flugmálastjórnar undir flugskýli, sem er 20x24 metrar að stærð á Vestmannaeyjaflugvelli. Bygging flugskýlisins hefur verið boðin út, sbr. ljósrit af tilboðsblaði. Flugmálastjórn hefur látið gera deiliskipulag af Vestmannaeyjaflugvelli í samráði við Vestmannaeyjabæ og samkvæmt upplýsingum sem fengust hjá Vestmannaeyjabæ var nýtt deiliskipulag flugvallarsvæðis auglýst í lok apríl mánaðar 2006. Landsflugi er því ekkert að vanbúnaði að sækja um byggingarleyfi fyrir nýtt flugskýli í Vestmannaeyjum. Þar sem bygging flugskýlis er ekki hafin er ljóst að Landsflug verður að nota varasjúkraflugvél sína til að sinna sjúkrafluginu, því ekki er forsvaranlegt að láta Dornier vél félagsins standa úti á flugvelli í Vestmannaeyjum.

Öflun upplýsinga um í hve marga daga sjúkraflugvél var ekki tiltæk í Vestmannaeyjum á tímabilinu janúar til júní 2006 og ástæður þess.

Starfshópurinn hefur aflað upplýsinga um hvenær sjúkraflugvél var ekki tiltæk í Vestmannaeyjum tímabilið janúar til júní 2006.

- Sjúkraflugvél fór frá Vestmannaeyjum vegna bilunar 12. febrúar kl. 14.38 og kom aftur 17. febrúar kl. 16.58. DO228 vél Landsflugs var ferjuð til Vestmannaeyja seinni part þessara daga og staðsett þar fram á morgun þetta tímabil.
- Sjúkraflugvél fór frá Vestmannaeyjum 14. mars kl. 07.05 til viðhalds í Reykjavík og kom til baka sama dag kl. 13.18.
- Sjúkraflugvél fór frá Vestmannaeyjum til viðhalds í Reykjavík 17. mars kl. 15.47 og kom til baka 19. mars kl. 15.05. Sjúkraflugi var þjónað frá Reykjavík.
- Sjúkraflugvél fór frá Vestmannaeyjum 14. apríl kl. 12.24. Vélinni hlekkist á í lendingu í Reykjavík. Flugvélin kom til baka til Vestmannaeyja 18. apríl kl. 19.35.
- Sjúkraflugvél fór frá Vestmannaeyjum 8. maí kl. 09.02 til viðhalds í Reykjavík og kom aftur 9. maí kl. 18.20.
- Sjúkraflugvél fór frá Vestmannaeyjum 19. júní kl. 15.17 í sjúkraflug. Var kyrrsett við komu og kom aftur 21. júní kl. 16.48.
- Sjúkraflugvél fór frá Vestmannaeyjum 26. júní kl. 15.35 til viðhalds í Reykjavík og kom aftur 1. júlí kl. 16.06.

Af samtals 40 sjúkraflugum á tímabilinu hefur 11 þeirra verið sinnt með flugvél staðsettri í Reykjavík. Í bréfi Landsflugs til verkkaupa dagsettu 23. febrúar 2006 tilkynnir félagið að ákveðið hefur verið að staðsetja eina af DO228 flugvélum félagsins í Vestmannaeyjum þegar sjúkraflugvél félagsins fer til viðgerða eða viðhalds. Það virðist ekki hafa gengið eftir.

Tekið skal fram að Landsflugi er heimilt að nota sjúkraflugvél sína í önnur verkefni þegar veður leyfir svo framarlega sem stysta útkallstíma (45 mínútur) er ekki ógnað.

Samanburður á viðbragðstíma og staðsetningu sjúkraflugvélar við aðra flugrekendur sjúkraflugs.

Starfshópurinn hefur borið viðbragðstíma Landsflugs saman við viðbragðstíma annarra flugrekenda sem sinnt hafa sjúkraflugi.

Á árinu 2005 var sjúkraflugi frá Vestmannaeyjasvæði þjónað af öðrum flugrekanda. Það ár voru farin 66 sjúkraflug. Flugrekandi stóðst kröfur um viðbragðstíma í öllum sjúkraflugum á árinu 2005. Samkvæmt eldri samningi var gert ráð fyrir að sjúkraflugvél skuli vera staðsett í Vestmannaeyjum allt árið um kring. Í fimm tilvikum á árinu 2005 þegar beðið var um sjúkraflug var sjúkraflugvélin ekki tiltæk í Vestmannaeyjum. Í þeim tilvikum var fengin flugvél frá Flugfélaginu Ernir í Reykjavík og sjúkrafluginu sinnt þaðan. Eins og áður kemur fram hefur 11 sjúkraflugum verið sinnt með loftfari staðsettu í Reykjavík á árinu 2006 af samtals 40 sjúkraflugum.

Niðurstaða samanburðar um viðbragðstíma er að viðbragðstími Landsflugs er sambærilegur við viðbragðstíma fyrri flugrekanda á Vestmannaeyjasvæði, svo framarlega sem flugvél Landsflugs er staðsett í Vestmannaeyjum.

Boðun sjúkraflugs.

Í útboðslýsingu eru skilgreind þrjú viðbragðsstig sjúkraflugs sbr. hér að framan. Læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður metur ástand sjúklings og ákveður hvers eðlis viðbragðsstigið er. Áhersla er lögð á að útkall af stigi 1 kallar á tafarlaus viðbrögð flugrekanda. Gætt hefur misskilnings í einstaka tilvikum milli flugrekanda og heilbrigðisstofnunar um hvers eðlis útkallið er. Verklagsreglur þurfa að vera skýrar um boðun sjúkraflugs til að koma í veg fyrir að misskilningur komi upp milli aðila sem koma að þjónustunni. Þá hefur samkvæmt upplýsingum frá Landsflugi komið fyrir að hringt hafi verið frá heilbrigðisstofnuninni og spurt hvort sjúkraflugvélin sé staðsett í Vestmannaeyjum. Að mati forsvarsmanna Landsflugs skapar þetta óvissu hjá sjúkraflugsvakt fyrirtækisins um hvort um boðun sjúkraflugs sé að ræða.

Í lok árs 2005 var Heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum kynntur nýr samningur um sjúkraflug í formlegu erindi frá ráðuneytinu, þar sem kynntar voru boðunarleiðir sjúkraflugs og viðbragðsstig. Þá fékk stofnunin einnig sent ljósrit af samningnum.

Það er mat starfshópsins að bæta þurfi vinnureglur varðandi boðun sjúkraflugs. Í því sambandi vísar starfshópurinn á ákvæði útboðslýsingar. Landsflug og Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja þurfa í sameiningu að semja þær verklagsreglur sem fylgja skal við boðun sjúkraflugs og tryggja að þær verði öllum hlutaðeigandi kunnar. Í boðun komi m.a. fram tegund útkalls (viðbragðstími) og fjöldi farþega (sjúklingur og fylgdarmenn). Einnig þarf að skýra línur um hver boðar fylgdarmann og þá hvaða fylgdarmann/menn. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið er reiðubúið að aðstoða við þá vinnu.

Hvernig ákvörðunum er háttáð varðandi fylgdarmenn í sjúkraflug.

Samkvæmt útboðslýsingu er gert ráð fyrir að sjúkraflutningamaður og eftir atvikum læknir eða hjúkrunarfræðingur fylgi sjúklingi í sjúkraflugi auk annarra mögulegra fylgdarmanna.

Starfshópurinn kannaði hvernig ákvörðunum er háttáð varðandi boðun sjúkraflugs og fylgdarmenn. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisstofnuninni er kallaður til sjúkraflutningamaður þegar sjúkraflug er skipulagt frá sjúkradeild í samráði við þann lækni sem sendir sjúkling. Einnig kom fram í upplýsingum frá heilbrigðisstofnuninni að í einhverjum tilvikum hefur flugrekandi kallað út sjúkraflutningamann. Þá fer allaf fylgdarmaður með sjúklingi í sjúkraflug af viðbragðsstigi eitt samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisstofnuninni. Á tímabilinu janúar til júní 2006 var sjúklingur sendur í eitt skipti án fylgdarmanns í sjúkraflug af viðbragðsstigi eitt.

Í fimm sjúkraflug af tegund eitt á árinu 2005 fóru hvorki sjúkraflutningamaður né læknir með sjúklingi, en 27 sjúkraflug voru farin af viðbragðstegund eitt á árinu 2005.

Skráningu ábótavant.

Í vinnu starfshópsins um viðbragðstíma Landsflugs kom í ljós að ekki var samræmi milli aðila um tímasetningar á sjúkraflugi og skráning Landsflugs afar ónákvæm. Mikilvægt er að halda öllum upplýsingum um hvert sjúkraflug vel til haga þannig að skráning sé rétt. Verkkaupi hefur eftirlitshlutverki að gegna varðandi viðbragðstíma sjúkraflugs og verður að treysta að þær upplýsingar sem hann fær í hendurnar séu réttar. Þá hefur komið fyrir að beiðni frá Heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum fylgir ekki sjúklingi í sjúkraflugið. Mikilvægt er að bæta verklag hjá heilbrigðisstofnuninni þannig að beiðni fylgi með sjúklingi þar sem fram koma nauðsynlegar upplýsingar sem flugrekandi notar við skráningu fyrir hvert sjúkraflug.

Við vinnu starfshópsins kom í ljós að upplýsingar vantaði um 7 sjúkraflug en í bráðabirgðaskýrslu voru þau 33. Skýringar Landsflugs eru að beiðnir frá heilbrigðisstofnuninni fylgdu ekki sjúklingi. Flugrekandi fær ekki greitt fyrir sjúkraflug, nema að beiðni fylgi reikningi.

Sjúkraflug 10. júlí 2006.

Talsverð umfjöllun var í fjölmiðlum um að flugvél Landsflugs var ekki tiltæk í Vestmannaeyjum þegar beið var um sjúkraflug þann 10. júlí sl. Starfshópurinn aflaði upplýsinga um þetta atvik. Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum barst beiðni um sjúkraflug frá Vestmannaeyjum þann 10. júlí sl. kl. 17.40 og beið um að sjúkraflugvélin yrði tilbúin eftir klukkutíma eða kl. 18.40. Ekki var um fyrsta stigs útkall að ræða og er hámarksviðbragðstími af stigi tvö 6 klst. samkvæmt samningnum. Samkvæmt upplýsingum sem starfshópurinn fékk hjá flugturninum í Vestmannaeyjum var sjúkraflugvélin staðsett í Vestmannaeyjum fyrir um daginn en fór í áætlunarflug frá Vestmannaeyjum kl. 17.33 og var komin til Vestmannaeyja kl. 19.00. Hún fór síðan í umrætt sjúkraflug til Reykjavíkur kl. 19.06.

Niðurstaða starfshópsins er að Landsflug stóð við kröfur samnings um sjúkraflug í umræddu flugi.

Niðurstaða starfshóps um úttekt á stöðu sjúkraflugs í Vestmannaeyjum.

Ekki var staðið við kröfur samnings um viðbragðstíma í þremur sjúkraflugum af 40. Umrædd sjúkraflug voru af fyrsta stigi og voru farin 14. febrúar, 8. maí og 30. júní. Í öllum tilvikunum þremur var sjúkraflugi þjónað frá Reykjavík (þar af einu með þyrllu frá Landhelgisgæslunni) og var viðbragðstíminn eftirfarandi talinn upp í sömu röð og dagsetningarnar hér að framan: 29 mínútur, 5 mínútur og allt að 13 mínútur umfram hámarksviðbragðstíma fyrsta stigs eins og hann er skilgreindur í samningnum við Landsflug.

Í u.þ.b. 14 daga samtals á tímabilinu var engin sjúkraflugvél staðsett í Vestmannaeyjum og í fimm daga til viðbótar var engin sjúkraflugvél staðsett þar frá morgni dags til síðdegis. Ekki eru til upplýsingar um fjarveru flugvélar fyrri flugrekanda. Ellefu sjúkraflugum var sinnt með loftfari staðsettu í Reykjavík.

Samkvæmt samningi við Landsflug á sjúkraflugvél að vera staðsett í Vestmannaeyjum allt árið um kring. Einu undantekningarnar eru þegar aðal sjúkraflugvélin er að sinna öðru sjúkraflugi eða skyndileg bilun hefur orðið í henni. Enn fremur er Landsflugi heimilt að nota sjúkraflugvél sína í önnur verkefni þegar veður leyfir svo framarlega sem stysta útkallstíma (45 mínútur) er ekki ógnað.

Landsflug og Heilbrigðisstofnunin í Vestmannaeyjum hafa ekki gengið sameiginlega frá sérstökum verklagsreglum um sjúkraflug svo sem áskilið er í útboðslýsingu.

Skráningum Landsflugs er ábótavant. Samkvæmt samningi um sjúkraflug skal verksali skila til verkkaupa þrisvar á ári tölfræðilegum upplýsingum um sjúkraflug, sundurgreindum fyrir hvert flug, þ.m.t. áfangastaðir og lengd hvers sjúkraflugs. Að hluta til má rekja orsakir ónákvæmrar skráningar til ófullnægjandi verklagsreglna hjá heilbrigðisstofnuninni og að hluta til skráningarferlis Landsflugs.

Bæta þarf útgáfu og skráningu Heilbrigðisstofnunarinnar í Vestmannaeyjum á beiðnum sem fylgja sjúklingi í sjúkraflug. Við úttekt starfshópsins kom í ljós að beiðnir fylgja ekki alltaf sjúklingi í sjúkraflugi. Enn vantar sex beiðnir vegna fyrri hluta árs 2006. Á beiðnunum eiga m.a. að vera upplýsingar um hverjir fylgja sjúklingi í sjúkraflug.

Bæta þarf vinnureglur um boðun sjúkraflugs. Þegar beðið er um sjúkraflug þarf að koma skýrt fram hjá þeim sem biður um flugið af hvaða stigi það er, þannig að flugrekandi geti brugðist hratt og örugglega við.

Reykjavík, 14. september 2006